

Orlofsréttur

- helstu atriði



- Lágmarksorlof er **24 virkir dagar** á almennum vinnumarkaði. Orlofsréttindi aukast með hækkandi starfsaldri í sama fyrirtæki eða sömu starfsgrein.
- Lágmarksorlof starfsfólks ríkis og sveitarfélaga er **192 vinnuskyldustundir** miðað við fullt ársstarf. Orlofsréttindi aukast með hækkandi lífaldri.
- **Allir eiga rétt á 24 daga lágmarksorlofi** jafnvel þó þeir eigi ekki rétt til orlofslauna allan þann tíma hjá atvinnurekanda en tveir orlofsdagar ávinnast fyrir hvern unninn mánuð á orlofsárinu.
- Orlof skal tekið í **samráði við atvinnurekanda**.
- Greiða skal út orlof við **starfslok**.
- **Orlofsárið** er frá 1. maí til 30. apríl.
- Þótt orlof sé reiknað af launum fólks kemur það ekki til **greiðslu** fyrir en í **upphafi orlofstöku**.
- Sumarorlof á almennum vinnumarkaði er **fjórar vikur, 20 virkir dagar**, sem veita ber á tímabilinu 2. maí - 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara.
- Starfsfólk á almennum vinnumarkaði sem að ósk atvinnurekanda fær ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili (2. maí - 30. september) á rétt á **25% álagi** á það sem á vantar 20 dagana. Starfsfólk sveitarfélaga sem samkvæmt ósk atvinnurekanda fær ekki fullt orlof á sumarorlofstímabilinu (15. maí - 30. september), skal fá **33% lengingu** á þeim hluta orlofstímans sem veittur er utan sumarorlofstímabilsins.
- Taki starfsfólk hjá ríkinu orlof eða hluta orlofs síns eftir að sumarorlofstímabili (2. maí - 15. september) lýkur, skv. beiðni stofnunar, skal sá hluti orlofsins **lengjast um 1/4**. Sama gildir um sumarleyfi, sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil, skv. beiðni stofnunar.
- Orlofslaun eru að lágmarki **10,17% af öllu kaupi**, hvort sem er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.
- Orlofslaun starfsfólks ríkis og sveitarfélaga **hækka með hækkandi lífaldri**.
- Orlofslaun starfsfólks á almennum vinnumarkaði **hækka með hækkandi starfsaldri** í sama fyrirtæki eða sömu starfsgrein.
- Af orlofslaunum **ber að greiða skatta og öll önnur gjöld**, því um venjulega launagreiðslu að ræða.
- Heimilt er að semja um **betri orlofsrétt** í kjarasamningum og ráðningarsamningum.

- Atvinnurekanda ber að **tilgreina áunnin orlofslaun sérstaklega** á launaseðlum.
- Stéttarfélögum er heimilt að semja við einstaka launagreiðendur, að orlofslaun séu **jafnharðan greidd á sérstaka orlofsreikninga** starfsfólks á almennum markaði.
- Tilkynna skal yfirmanni **strax** ef um **veikindi eða slys í orlofi** er að ræða.
- Samkvæmt gildandi lögum ber að reikna **orlofslaun í orlofsstundum hvern mánuð fyrir sig**. Orlofsstundirnar eru síðan lagðar saman fyrir allt árið og margfaldaðar með gildandi tímakaupi þegar orlof er tekið. Þetta þýðir að orlofslaun eru launatryggð. Sé orlof hins vegar lagt jafnharðan á orlofsreikning ber það einungis vexti og verðbætur.
- Orlofsuppbót á að koma **til greiðslu 1. júní ár hvert** hjá starfsfólki á almennum vinnumarkaði og hjá ríkinu, en **1. maí hjá starfsfólki sveitarfélaga**.
Orlofsuppbót m.v. fullt starf 2016:
Starfsfólk á almennum markaði: 44.500 kr
Starfsfólk hjá sveitarfélögum: 44.500 kr.
Starfsfólk hjá ríkinu: 44.500 kr.
- Á orlofsuppbót greiðist **ekki** orlof.

▶ Meira um orlof á Vinnuréttarvef ASÍ

